

Fiskiveiðasamþykkt.

54

7. maí

Sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir samkvæmt lögum 14. desbr. 1877, um ýmisleg atriði er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, og lögum 4. des. 1886 um breyting á fyrnefndum lögum, gjört eptirfylgjandi

Samþykkt

um fiskiveiðar á opnum skipum á sjávarsvæðinu milli sýslutakmarka Eyjafjarðarsýslu að vestan og Gjöggratáar í Þingeyjarsýslu $\frac{3}{4}$ mílu frá landi.

1. gr.

Enginn sem stundar fiskiveiðar á opnum skipum á svæði því, sem samþykkt þessi nær yfir, má láta fiskilóðir eða línur liggja í sjó frá kl. 10 að kveldi til kl. 3 morguninn eptir fram að 20. september, en eptir þann tíma til ársloka frá kl. 10 e. h. til kl. 4 f. m. daginn eptir.

2. gr.

Enginn má á tímabilinu frá 14. desbr. til 1. apríl, að báðum dögum meðtöldum, leggja fiskilínu í sjó innst á Eyjafirði fyrir innan beina stefnu úr yzta Glerárós að vestan og að Geldingsánni að austan.

3. gr.

Enginn má á neinum árstíma slægja eða afhöfða nokkra fiskitegund eða kasta í sjó slógi og höfðum á sjávarsvæði því, er samþykkt þessi nær yfir.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum frá 10—200 krónum eptir málavöxtum, og eptir því, hvort brotið er í fyrsta sinn, eða það er ítrekað, nema brotið sje svo lagað, að meiri sektir liggi við, eptir öðrum lögum.

5. gr.

Til þess að sjá um, að samþykkt þessari verði hlýtt, kjósa hlutaðeigandi sveitastjórnir og bæjarstjórnin á Akureyri á hvers árs vorhreppaskilum, gegn hæfilegri þóknun, svo marga gæzlumenn, er þurfa þykir. Gæzlumenn skulu hafa hver sitt ákveðið svæði til umsjónar, og ber þeim að kæra tafarlaust fyrir hreppstjóra eða lögreglustjóra brot eða grunsemdir um brot, sem kunna að eiga sjer stað gegn samþykkt þessari.

6. gr.

Öllum sektum, sem tilfalla eptir samþykkt þessari, skal skipt í 2 jafna hluti, og falli annar helmingur í fátækra sjóð, en hinn til uppljóstrarmanns.

7. gr.

Með samþykkt þessari er samþykkt um fiskiveiðar á opnum skipum á sjávarsvæðinu milli sýslutakmarka Eyjafjarðarsýslu að vestan og Gjöggratáar í Þingeyjarsýslu $\frac{3}{4}$ mílu frá landi, frá 15. júní 1888, úr gildi numin.

54
7. maí að öðlast gildi 1. septbr. 1902. Þetta kunngjörst hjer með öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Íslands Norður- og Austuramt.

Akureyri 7. maí 1902.

Páll Briem.

Auglýsing

55

22. maí

um breyting á 19. gr. Ferjulaga fyrir Árnessýslu, 17. maí 1901.

1. Eptir orðin: »klyffjar af hesti, ef fleiri eru Kr. 0,20«, bætist: »Fyrir flutning, er nemur 40—120 pd. Kr. 0,10«.
2. Síðasta málsgrein: »Ferðamaður, sem« o. s. frv., verður þannig: »Ferðamaður, sem flytur farangur eða skepnur, svo nemi 1 kr. ferjutolli eða meiru, þarf ekki að borga ferjutoll fyrir sjálfan sig eða þá menn, sem hann hefir með sjer til nauðsynlegrar aðstöðar«.

Framanrituð breyting á 19. gr. hinna guldandi ferjulaga fyrir Árnessýslu, 17. maí 1901, sem sýslunefndin þar hefir samið og samþykkt, er hjer með staðfest af undirskrifuðum amtmanni, samkvæmt kgsbr. 29. apríl 1776, 6. gr. til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1902, og kunngjörð öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtíð, Reykjavík, 22. maí 1902.

J. Havsteen.

56

12. maí

Reglugjörð

fyrir

Vesturísafjarðarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl.

Amtsráðið í Vesturamtinu Gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggiltar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóvbr. 1893, um breyting á 3. gr. í fyrnefndum lögum, 22. marz 1890, er hjer með staðfest og löggilt eptirfarandi

Reglugjörð

fyrir Vesturísafjarðarsýslu um notkun afrjetta, fjallskil, rjettahöld o. fl., sem samin er af sýslunefndinni þar og skal reglugjörðin öðlast gildi 1. septbr. 1902.

I. kafli um fjármörk.

1. gr.

Sjerhver fjáreigandi er skyldur til að hafa glöggt mark á fje sínu, en